

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð.* — **127**
Samkvæmt tillögum ráðgjafans, eptir að hann hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra **29. júlí**
landshöfðingi, frá 26. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast í dag
að fallast á, að hálfenda sú af jörðinni Bálkastöðum í Miðfirði Húnavatnssýslu í norður- og
austurumdæmi Íslands, er liggur undir Staðarprestakall í Hrútafirði, verði seld Jóhannesi
bónða Zakaríassyni að jarðakaupum fyrir $\frac{2}{3}$ úr jörðinni Brandagili í Staðarhreppi, þannig
að hin fyrnefnda jörð verði skoðuð sem bændaeign en hin síðarnefnda sem kirkjujörð.

Þetta er hjér með tjáð yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar
og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **128**
niðurjöfnun fjallskila. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um **29. júlí.**
fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu, hvort sýslunefndin sje bær um að fella úr
gildi eða breyta ákvörðun hreppsnefndar um það, hversu mikil eða hvernig löguð fjallskil
einhverjum beri að gjöra, þegar slíkt sje kært fyrir sýslunefndinni, vil jeg tjá yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum það, er nú segir.

Um það, hvernig fjallskilum skuli niðurjafnað á hina einstöku bændur, er engin
ákvörðun í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, og virðist löggjafinn hafa gengið
út frá því, að ítarlegar reglur þar um yrðu settar fyrir hvert hjerað í reglugjörðum þeim
um fjallskil o. fl., er semja skal samkvæmt 39. gr. tjeðrar tilskipunar. Hafi það nú ekki
verið gjört, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að sýslunefndin samkvæmt þessari grein, og
með því að henni ber almenn umsjón með gjörðum hreppsnefndarinnar (sjá 38. gr. tilsk.
4. maí 1872) taki til úrskurðar umkvartanir út af fjallskilum, og verður þá meðfram að
hafa tillit til þess, sem fyrirskipað er í 19. gr. tilsk. 4. maí 1872 eða nú í 1. gr. laga
9. jan. 1880 um hina almennu niðurjöfnun sveitargjalda. Umkvörtun út af fjallskilum
verður því fyrst að úrskurðast af hreppsnefndinni í heild sinni og síðan af sýslunefndinni;
en enginn getur með því að áfrýja úrskurði hreppsnefndarinnar komið hjá að framkvæma
í bráð skylduverk það, sem á hann er lagt.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til Markúsar skipstjóra Bjarnasonar um náms-* **129**
styrk. — Markúsi var veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 15. grein **21. ágúst.**
fjárlaganna, til að taka stýrimannsþróf við sjófræðisskóla í Danmörku.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **130**
um námsstyrk. — Samkvæmt tillögum amtmanns var Eggerti Finnssyni frá Meðal- **24. ágúst.**
felli í Kjós veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna
til að nema búfræði á skóla í Noregi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun setts embættis-* **131**
manns. — Í þóknanlegu brjefi frá 24. júní síðast liðnum hafið þjer, herra landshöfð- **26. ágústi.**
ingi, skýrt frá því, að yfirskoðunarmennirnir hafi fundið það að landsreikningnum 1878,
að fyrverandi sýslumanni í Árnessýslu Þ. Jónssyni, er lausn fjekk frá embætti sínu 6.

LEIÐRJETTING. Bls. 72 l. 32. að ofan: „almennum mannfundi“ les almennum mannfundi
undir berum himni.

Hinn 14. október 1880.